

206

Sælir þeir er sárt til finna

1. Sæl - ir þeir er sárt til finn - a sinn - ar and - ans nekt - ar hér,
 2. Sæl - ir þeir er sýta' og grát - a sorg - in beisk þó legg - ist á,
 3. Sæl - ir þeir sem hóg - vært hjart - a hafa' í lík - ing frels - ar - ans.
 4. Sæl - ir þeir sem þess hins rétt - a þorsta' og hung - urs finn - a til.

þeir ____ fá bæt - ur þraut - a sinn - a, þeirr - a himn - a - rík - ið er.
 Guð ____ mun hugg - a, Guð mun lát - a gró - a sár og þörn - a brá.
 Þeir ____ sem helst með hóg - værð skart - a hlut - deild fá í arf - leifð hans.
 Þeim ____ skal sval - a, þá skal mett - a, þeim skal snú - ast allt í vil.

5. Sælir þeir sem vorkunn veita,
 vægan dóm þeir skulu fá.
 Eins og þeir við aðra breyta
 aftur verður breytt við þá.

6. Sælir allir hjartahreindir,
 hjarta þess sem slíkur er
 sælu öllu æðri reynir,
 auglit Drottins blítt það sér.

7. Sælir allir sáttfýsandi,
 síðar friðarljós þeim skín,
 friðarins Guð á friðarlandi
 faðmar þá sem börnin sín.

8. Sælir þeir er sæta þungum
 svívirðingum mönnum hjá,
 aftur þeir af engla tungum
 öðlast vegsemd himnum á.

Önnur hljómsætning (samræmist raddsetningu)

1. Sæl - ir þeir er sárt til finn - a sinn - ar and - ans nekt - ar hér,
 þeir ____ fá bæt - ur þraut - a sinn - a, þeirr - a himn - a - rík - ið er.